

## Minnisblað

um stöðu íslensku í kennaranámi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands  
(Kennaraháskóla Íslands)

3. mars 2009

Minnisblað þetta er tekið saman vegna umræðu um íslenska málstefnu og um hlut íslensku í kennaranámi. Leitast er við að draga saman upplýsingar um þróun, umfang og stöðu móðurmálskennslu í samanburði við Norðurlönd. Talsvert er fjallað um kennaramenntun í tillögum Íslenskrar málnefndar. Þær upplýsingar sem hér eru settar fram eru ætlaðar til frekari útskýringa.

### Um umfang

Töflurnar hér að neðan sýna hvernig umfang íslensku í námi verðandi leik- og grunnskólakennara hefur þróast síðasta áratug (þriggja ára nám er samtals 180 einingar). Skiptar skoðanir eru um það innan sviðsins hvernig skuli meta umfang greinarinnar og þá einkum hvaða námsþættir teljast til íslenskunáms og hverjir ekki.

Í grunnskólakennaranámi hefur dregið úr kennslu í kjarna, sem allir taka, en þess í stað lögð áhersla á að styrkja þekkingu og færni á því sérsviði/ kennslugrein sem viðkomandi velur sér. Það sama á við um þá sem velja íslensku sem sitt sérsvið, eins og með aðrar faggreinar. Íslenskukennsla hefur ennfremur verið styrkt hjá þeim sem velja almenna bekkjarkennslu eða kennslu yngstu barna í grunnskóla. Því má segja að um 35%- 40% nemenda fá meiri íslenskukennslu en áður en hinir fá minni kennslu í íslensku í kjarna.

### Skólaárið 1999-2000

Grunnskólaskor (180 einingar)	Leikskólaskor (180 einingar)
Kjarni: Íslenskt mál (8 einingar) Mælt mál (4 einingar) Íslenska (4 einingar) <b>Samtals 16 einingar</b>	Kjarni: Vinnubrögð og tjáning (4e) Mælt mál (2e) Málþroski og málörvun* (4e) Barnabókmenntir (4e) <b>Samtals 10- 14 einingar</b>
Kjörsvið (alls 14 kjörsvið) Íslenska: Samtals 25 einingar	

\* Ágreiningur er um hvort og þá að hve miklu leyti þetta námskeið telst vera íslenskunámskeið

Rétt er að taka fram að hér er einungis um að ræða upplýsingar um umfang í fjölda eininga. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort eða hversu mikið kennarar í öðrum námskeiðum en þeim sem beint tileyra íslensku, leggja áherslu á að vinna með íslenskt mál með nemendum sínum.

Fyrir liggur að endurskoða þarf skipulag kennaranám þegar reglugerð um inntak kennaramenntunar, sem er í vinnslu hjá menntamálaráðuneytinu, liggur fyrir. Hún er sett á grundvelli laga nr. 87/2008 um inntak í menntun kennara og skólastjórnenda í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum.

### Fjöldi nemenda í einstökum kjörsviðum

Á töflunum hér á eftir má sjá fjölda og hlutfall þeirra sem velja einstök kjörsvið í febrúar 2009 bæði í grunn- og framhaldsnámi. Þar má sjá að 54 nemendur hafa valið sér íslensku sem kjörsvið í þriggja ára grunnnámi eða um 8% af þeim sem skráðir eru í grunnskólakennaranám í febrúar 2009.

### Fjöldi nemenda í grunnskólakennarafræðum á Menntavísindasviði í febrúar 2009, flokkaðir eftir vali á kjörsviðum

Kjörsvið	Fjöldi (80 erts)*	Fjöldi (40 erts)*	Samtals	%
Almenn kennsla í grunnskóla	50		50	7%
Erlend mál	35	32	67	10%
Hönnun og smíði	20	3	23	3%
Íslenska	42	12	54	8%
Íslenskt táknmál	5	1	6	1%
Kennsla yngstu barna í grunnskóla	113	17	130	19%
Matur, menning, heilsa	24	7	31	5%
Myndmennt	25	6	31	5%
Samfélagsgreinar	50	31	81	12%
Náttúrufræði	20	11	31	5%
Stærðfræði	39	18	57	8%
Textílmennt	21	9	30	4%
Tónlist, leiklist, dans	30	11	41	6%
Upplýsingatækni og miðlun	28	7	35	5%
Listir og handverk **		12	12	2%
			<b>679</b>	

\* Frá hausti 2007 velja nemendur eitt kjörsvið 80 einingar (þ.m.t. vettvangsnám 14 einingar). Samkvæmt eldra skipulagi völdu nemendur aðalkjörsvið, 40 einingar, því tilheyrir að auki 10 eininga vettvangsnám. Tölur um fjölda nemenda í nýja og gamla kerfinu eru ónákvæmar þar sem margir nemendur tilheyra báðum.

\*\*Þetta kjörsvið tilheyrir eldra kerfi og samanstendur af textílmennt, hönnun og smíði, tónmennt og myndmennt.

Í meistaranámi hafa 28 nemendur valið sér íslensku sem kjörsvið eða um 9% af nemendafjölda í náms- og kennslufræðum og í menntunarfræðum. Samtals hafa um 12%

Miklar breytingar eru að verða á kennaramenntun í Danmörku en verið er að flytja hana inn í háskólana. Samkvæmt núverandi skipulagi er kennaranemum skylt að velja tvö – þrjú fög í fjögurra ára námi og er danska eitt af þeim. Kennaranemar virðast geta valið sig alveg frá dönsku og ekki eru gefin opinber fyrirmæli um dönsku í kjarna þótt eflaust hafi margir skólar hana á námskrá sinn. Hins vegar er öllum gert að taka samfélagsfræði/siðfræði í kjarna.

Í Noregi er fjögurra ára kennaranám og eru gefin nokkuð skýr fyrirmæli á landsvísu um inntak kennaramenntunar. Þar er kennaranemum í grunnskólakennarafræðum gert að taka a.m.k. 30 einingar í norsku og 30 einingar í stærðfræði og 20 einingar í samfélagsfræði/siðfræði.

Í Finnlandi er fimm ára kennaranám, en ekki eru gefin skýr opinber fyrirmæli um inntak. Í áður nefndri rannsókn er tekið dæmi frá Háskólanum í Åbo þar sem nemendum er ætlað að taka 5 einingar í móðurmáli í kjarna.

### **Þramundan**

Nú stendur yfir vinna við að endurskoða skipulag kennaranáms vegna nýrra laga um kennaramenntun. Í þeirri vinnu er lögð áhersla á að fá fram sjónarmið hagsmunaaðila, kennara, skólastjórnenda, foreldra og skólayfirvalda, til þeirrar færni sem vel menntaður kennari þarf að hafa. Ennfremur er litið til nágrannalanda okkar og ýmissa rannsókna á kennaramenntun og tengslum hennar við skólaþróun og gæði skólastarfs.

Ákveðið hefur verið að móta sérstaka málstefnu fyrir Menntasvísindasvið sem unnin verður undir forystu íslenskukennara við sviðið. Rannsókir á íslensku og íslenskukennslu munu eflast og styrkjast með tilkomu nýrrar rannsóknarstofu.

*Anna Kristín Sigurðardóttir*